**Samtök ferðaþjónustunnar**
Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbréf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 132/848
*komudagur* 14.2.2006

S A F

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2006

Efni: Þingsályktunartillaga um samkeppnisstöðu ríkis og sveitarfélaga

Samtök ferðaþjónustunnar fagna tillögu þessari og telja brýnt að stjórnvöld geri slíka könnun og grípi til aðgerða í kjölfarið til að stemma stigu við samkeppni ríkisins við einkaaðila sem öllum er ljóst að er við lýði.

Samtökin hafa í áratugi gert athugasemdir við umfangsmikinn veitingarekstur í húsakynnum sem byggð eru fyrir opinbert fé s.s. íþróttahúsum auk þess sem húsakynni sveitarfélaga eru talsvert notuð í þessu skyni. Almennt eru engin útboð gerð í veitingareksturinn en rekstur byggður á tækifærisleyfum og er hann almennum veitingahúsum erfið samkeppni þar sem menn sitja ekki við sama borð.

Virðingarfyllst

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri